

Leiðbeiningar

Hagstofa Íslands leitar nú til fyrirtækja, stofnanna og sveitafélaga um skil á gögnum um [þjónustuviðskipti](#) sín við útlönd á árinu, það er kaup á þjónustu frá útlöndum og sölu til útlanda.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í gagnaskilum um þjónustuviðskipti íslenskra fyrirtækja og stofnana við útlönd.:

Hvaða þjónusta var keypt eða seld erlendum aðilum. Hér er að finna [yfirlit flokka](#) og [leiðbeiningar](#) við þá.

Viðskiptaland. Tilgreina þarf frá hvaða landi þjónustan er keypt og/eða til hvaða lands þjónustan er seld. Miðað er við [ISO-3166 landaflokkunina](#).

Verðmæti viðskipta. Annars vegar þarf að fylla inn upplýsingar um tekjur (útflutning) sem fyrirtæki eða stofnun hefur af sölu á þjónustu til erlendra aðila og hinsvegar þau gjöld (innflutning) sem greitt er vegna kaupa á þjónustu frá erlendum aðilum. Verðmæti skal skrá í íslenskum krónum. *Aðeins þarf að tilgreina verðmæti reikningsviðskipta, greiðslur með kreditkortum eru undanskildar.*

Verðmæti viðskipta milli tengdra fyrirtækja. Í þeim tilvikum þar sem kaupandi eða seljandi þjónustunnar er tengdur fyrirtækinu s.s. móður-, dóttur- eða systurfélag þarf að skrá verðmæti þjónustunnar sem seld er til eða keypt er frá tengdu fyrirtæki erlendis í þar tilgreindan reit á skilavefnum.

Upplýsingarnar eru notaðar til þess að gefa út hagtölur um þjónustujöfnuð við útlönd. Ef fyrirtæki þitt stóð ekki í þjónustuviðskiptum við útlönd á árinu er engu að síður mikilvægt að það sé staðfest á skilavef þjónustuviðskipta. Það er gert með því að skila einni tómri línu undir gjöldum og tekjum og staðfesta skil (sjá nánar á skilavef).

Nánari upplýsingar veita:

Sigrún Jóhannesdóttir í síma 528 1227 eða á netfangið gagnasofnun[hja]Hagstofa.is

Yfirflokkar þjónustuviðskipta

- A. Framleiðslutengd þjónusta á vörum í eigu annarra
- B. Eldsneyti keypt erlendis
- C. Viðgerðir og viðhald
- D. Sölutengd þjónusta
- E. Samgöngur og flutningar
- F. Ferðalög
- G. Fjarskipta-, tölvu og upplýsingaþjónusta
- H. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- I. Tryggingaþjónusta
- J. Fjármálaþjónusta
- K. Gjöld fyrir notkun hugverka
- L. Önnur viðskiptaþjónusta
- M. Menningar- og afþreyingarþjónusta

Flokkun þjónustuviðskipta við útlönd

Leiðbeiningar

A. Framleiðslutengd þjónusta á vörum í eigu annara

1. Vinnsla á vörum í eigu erlendra aðila sem fram fer á Íslandi (hvort sem ástand vöru breytist eða ekki)

Almennar upplýsingar:

Vinnsla á vörum í eigu erlendra aðila sem fram fer á Íslandi nær yfir framleiðslutengda þjónustu þar sem íslenska fyrirtækið eignast ekki (kaupir ekki) þær vörur sem það sér um vinnslu á. Vörurnar eru því fluttar tímabundið til landsins án þess að eignarhaldið á þeim færist frá erlenda eigandanum til íslenska fyrirtækisins. Ef íslenskt fyrirtæki **kaupir** vörur til vinnslu innanlands frá útlöndum eða **selur** vörur til útlanda eftir vinnslu innanlands fellur það ekki hér undir. Fylla skal aðeins út verðmæti vinnslunar en ekki verðmæti vörunnar. Fylla þarf út liði 111 og 112 ef liður 1 er fylltur út.

Tekjur:

Tekjur eru þóknanir (verðmæti vinnslunar) samkvæmt reikningi vegna vinnslu á vörum í eigu erlendra aðila framkvæmdar af íslensku fyrirtæki á Íslandi (þ.m.t. efniskaup).

111. Cif verð innfluttra vara í eigu erlendra aðila sem ætlaðar eru til vinnslu á Íslandi, samkvæmt tollskýrslu

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina cif verð vara (tollverð á tollskýrslu) sem fluttar eru til Íslands til vinnslu hér á landi. Hér er aðeins um að ræða vörur þar sem eigandi varanna er erlenda fyrirtækið sem sendir vörurnar til Íslands en íslenska fyrirtækið sem sér um vinnsluna á vörunni eignast þær ekki. Ef íslenskt fyrirtæki **kaupir** vörur frá útlöndum til vinnslu innanlands fellur það ekki hér undir.

Gjöld:

Gjöld eru cif verð vara (tollverð á tollskýrslu) í eigu erlendra aðila sem ætlaðar er til vinnslu á Íslandi samkvæmt tollskýrslu við innflutning.

112. Fob verð útfluttra vara í eigu erlendra aðila eftir vinnslu á Íslandi, samkvæmt tollskýrslu

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina fob verð vara (hagskýrsluverð á tollskýrslu) sem fluttar eru frá Íslandi eftir vinnslu á Íslandi. Hér er aðeins um að ræða vörur þar sem erlenda fyrirtækið sem sendir vörurnar til Íslands er eigandi varanna en íslenska fyrirtækið sem sér um vinnsluna á vörunum eignast þær ekki. Ef íslenskt fyrirtæki **selur** vörur til útlanda eftir vinnslu innanlands fellur það ekki hér undir.

Tekjur:

Tekjur eru fob verð vara í eigu erlendra aðila eftir vinnslu á Íslandi samkvæmt tollskýrslu við útflutning.

2. Vinnsla á vörum í eigu íslenskra aðila sem fram fer erlendis (ástand vöru breytist)

Almennar upplýsingar:

Vinnsla á vörum í eigu íslenskra aðila sem fram fer erlendis nær yfir framleiðslutengda þjónustu þar sem ástandi vara er breytt og íslenska fyrirtækið á vörurnar ennþá en ekki erlenda fyrirtækið sem sér um vinnslu. Vörurnar geta verið sendar frá Íslandi til vinnslu eða keyptar erlendis, jafnvel í öðru landi en þar sem vinnsla erlendis fer fram. Að vinnslu lokinni geta vörurnar verið fluttar til Íslands eða þær seldar erlendis. Fylla skal aðeins út verðmæti vinnslunnar en ekki verðmæti vörunnar. Ef liður 2 er fylltur út þarf að fylla út liði 211 og/eða 212 og 222 og/eða 223.

Gjöld:

Gjöld eru þóknanir (verðmæti vinnslunar) samkvæmt reikningi vegna vinnslu á vörum í eigu íslenskra aðila framkvæmdar af erlendu fyrirtæki erlendis.

211. Kaup á vörum erlendis vegna vinnslu á vörum erlendis

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina kaupverð á vörum erlendis sem ætlaðar eru til vinnslu erlendis og koma ekki til Íslands fyrir áframhaldandi vinnslu. Erlenda fyrirtækið sem sér um vinnslu á vörunum er ekki eigandi varanna heldur íslenska fyrirtækið sem lætur vinna vörunar fyrir sig.

Gjöld:

Gjöld eru kaupverð á vörum erlendis til vinnslu erlendis.

212. Fob verð útfluttra vara sem sendar eru frá Íslandi til vinnslu erlendis, samkvæmt tollskýrslu

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina fob verð vara (hagskýrsluverð á tollskýrslu) sem fluttar eru frá Íslandi og til vinnslu erlendis. Hér er aðeins um að ræða vörur þar sem íslenska fyrirtækið sem sendir vörunar til útlanda er eigandi varanna en erlenda fyrirtækið sem sér um vinnsluna á vörunum eignast þær ekki. Ef íslenskt fyrirtæki selur út vörur til áframhaldandi vinnslu erlendis fellur það ekki hér undir.

Tekjur:

Tekjur eru fob verð vara sem sendar eru frá Íslandi vegna vinnslu erlendis samkvæmt tollskýrslu við útflutning.

222. Sala erlendis á vörum (tilbúnum eða til áframhaldandi vinnslu) eftir vinnslu erlendis

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina sölu á vörum erlendis **eftir** vinnslu erlendis. Erlenda fyrirtækið sem sér um vinnslu á vörunum er ekki eigandi varanna heldur íslenska fyrirtækið sem lætur vinna vörunar fyrir sig. Vörunar eru síðan seldar erlendis en eru ekki fluttar til Íslands.

Tekjur:

Tekjur eru sala á vörum erlendis eftir vinnslu erlendis.

223. Cif verð innfluttra vara eftir vinnslu erlendis, samkvæmt tollskýrslu

Almennar upplýsingar:

Hér skal tilgreina cif verð vara (tollverð á tollskýrslu) sem fluttar eru til Íslands eftir vinnslu erlendis. Hér er aðeins um að ræða vörur þar sem íslenska fyrirtækið sem flytur inn vörunar til Íslands er eigandi varanna en erlenda fyrirtækið sem sá um vinnsluna á vörunum eignaðist þær ekki. Ef íslenskt fyrirtæki kaupir vöru frá útlöndum fellur það ekki hér undir.

Tekjur:

Tekjur eru cif verð vara sem sendar til Íslands eftir vinnslu erlendis samkvæmt tollskýrslu við útflutning.

B. Eldsneyti keypt erlendis

3. Eldsneyti keypt erlendis í tengslum við flutningastarfsemi

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla kaup íslenskra flutningafyrirtækja á eldsneyti erlendis í tengslum við flutningastarfsemi, t.d. kaup á eldsneyti á flugvélar eða skip erlendis.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra flutningafyrirtækja á eldsneyti erlendis.

C. Viðgerðir og viðhald

4. Viðgerðir og viðhald ót.a.

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla allar viðgerðir og viðhald, að undanskildum viðgerðum og viðhaldi tengt byggingastarfsemi (sem fellur undir byggingastarfsemi og mannvirkjagerð) og viðgerðir á tölum og gagnaþjónustum (sem fellur undir aðra tölvuþjónustu). Viðgerðir og viðhald á skipum, flugvélum og öðrum samgöngutækjum falla hér undir. Viðgerðirnar geta verið framkvæmdar þar sem viðgerðaraðilinn er staðsettur eða annarsstaðar. Hér skal telja með bæði minniháttar viðgerðir sem viðhalda

ástandi vörunnar sem er til viðgerðar eða meiriháttar viðgerðir (endurbætur) sem lengja líftíma vörunnar. Verð viðhalds og viðgerða skal innihalda öll aðföng sem notuð eru af viðgerðaraðilanum og eru meðtaldar í viðgerðarkostnaðinum.

Tekjur:

Tekjur eru þóknarir vegna viðgerða og viðhalds sem eru framkvæmdar af íslenskum fyrirtækjum á vörum í eigu erlendra aðila (hvort sem viðgerðin fer fram á Íslandi eða erlendis).

Gjöld:

Gjöld eru þóknarir vegna viðgerða og viðhalds sem eru framkvæmdar af erlendum fyrirtækjum á vörum í eigu íslenskra aðila (hvort sem viðgerðin fer fram á erlendis eða á Íslandi).

D. Sölutengd þjónusta

5. Sala á vörum sem ekki koma inn fyrir íslensk landamæri

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla sala á hverskyns vörum sem koma ekki inn fyrir íslensk landamæri, þ.e. íslenskur aðili kaupir vörunnar af erlendum aðila og selur til erlends aðila án þess að þær komi nokkurn tíma inn fyrir íslensk landamæri. Ef þessi liður er fylltur út þarf einnig að fylla út lið 6.

Tekjur:

Tekjur eru söluverð á vörum til erlendra aðila sem koma ekki inn fyrir íslensk landamæri.

6. Kaupverð þeirra vara sem seldar eru á tímabilinu og koma ekki inn fyrir íslensk landamæri

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla kaup á hverskyns vörum sem koma ekki inn fyrir íslensk landamæri, þ.e. íslenskur aðili kaupir vörunnar af erlendum aðila og selur til erlends aðila án þess að þær komi nokkurn tíma inn fyrir íslensk landamæri. Ef þessi liður er fylltur út þarf einnig að fylla út lið 5.

Gjöld:

Gjöld eru kaupverð þeirra vara í lið 5 hér að ofan **sem seldar eru á tímabilinu**. Einungis skal telja með kaupverð vara sem seldar eru á tímabilinu en ekki vörur sem voru keyptar á tímabilinu og verða seldar í framtíðinni.

333. Þökkun, merking o.s.frv. á vörum sem keyptar eru erlendis til endursölu erlendis

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur þökkun, merking og önnur vinnsla sem breytir ekki ástandi á þeim vörum sem ekki koma inn fyrir íslensk landamæri. Ef þessi liður er fylltur út þarf einnig að fylla út liði 5 og 6.

Gjöld:

Gjöld eru þóknarir greiddar vegna þökkunar, merkingar o.s.frv. á vörum keyptum erlendis sem eru seldar erlendis og koma ekki inn fyrir íslensk landamæri.

7. Önnur sölutengd þjónusta

Almennar upplýsingar:

Önnur sölutengd þjónusta felur í sér umboðslaun vegna viðskipta með vörur og þjónustu og endursölu á þjónustu.

Tekjur:

Tekjur eru umboðslaun og aðrar tekjur fengnar frá erlendum aðilum vegna þjónustu við viðskipti með vörur eða þjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru umboðslaun og önnur gjöld greidd til erlendra aðila vegna þjónustu við viðskipti með vörur eða þjónustu.

E. Samgöngur og flutningar

8. Sjó- og strandflutningar með farþega

Almennar upplýsingar:

Til farþegaflutninga á sjó teljast fargjöld íslenskra farþega með erlendum skipafélögum (gjöld) og erlendra farþega með íslenskum skipafélögum (tekjur) hvað varðar ferðir milli landa. Þar telst einnig neysla farþeganna um borð í skipum (t.d. á mat og drykk), greiðslur vegna yfirvigtar farangurs og greiðslur vegna flutnings á farartækjum farþega eða öðrum persónulegum munum.

Tekjur:

Tekjur eru seld fargjöld til erlendra aðila með skipum (vegna ferða milli landa) sem rekin eru af íslenskum aðilum auk sölu til erlendra aðila á annarri þjónustu tengdri sjó- og strandflutningum með farþega.

Gjöld:

Gjöld eru keypt fargjöld íslenskra aðila með skipum (vegna ferða milli landa) sem rekin eru af erlendum aðilum auk kaupa erlendra aðila á annarri þjónustu tengdri sjó- og strandflutningum með farþega.

9. Leiga og útleiga á skipum með áhöfn til farþegaflutninga

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur tímabundin leiga íslenskra fyrirtækja á skipum með áhöfn til farþegaflutninga af erlendum fyrirtækjum og tímabundin leiga erlendra fyrirtækja á skipum með áhöfn til farþegaflutninga af íslenskum fyrirtækjum. Undanskilin er hins vegar leiga á skipum til farþegaflutninga án áhafnar sem fellur undir liðinn rekstarleiga (liður 59).

Tekjur:

Tekjur eru útleiga íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á skipum með áhöfn til farþegaflutninga.

Gjöld:

Gjöld eru leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á skipum með áhöfn til farþegaflutninga.

10. Sjó- og strandflutningar með fragt

Almennar upplýsingar:

Viðskipti með vörur er mæld fob. við landamæri útflutningslands og gert ráð fyrir að innflutningsaðili greiði farmgjöld. Til fragtflutninga á sjó teljast því flutningar á vörum með íslenskum skipafélögum fyrir erlenda aðila (tekjur) og flutningur á vörum með erlendum skipafélögum fyrir íslenska aðila (gjöld) hvar svo sem flutningarnir fara fram.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á sjó- og strandflutningum með fragt.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra aðila af erlendum fyrirtækjum á sjó- og strandflutningum með fragt.

11. Leiga og útleiga á skipum með áhöfn til fragtflutninga

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur tímabundin leiga íslenskra fyrirtækja á skipum með áhöfn til fragtflutninga af erlendum fyrirtækjum og tímabundin leiga erlendra fyrirtækja á skipum með áhöfn til fragtflutninga af íslenskum fyrirtækjum. Undanskilin er hins vegar leiga á skipum til fragtflutninga án áhafnar sem fellur undir liðinn rekstarleiga (liður 59).

Tekjur:

Tekjur eru útleiga íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á skipum með áhöfn til fragtflutninga.

Gjöld:

Gjöld eru leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á skipum með áhöfn til fragtflutninga.

12. Önnur þjónusta tengd sjóflutningum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla ýmsar aðrar þóknanir vegna sjóflutninga, s.s. vegna upp- og útskipunar, vöruhýsingar, þrifa á skipum og hafnsögu.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á annarri þjónustu tengdri sjóflutningum.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á annarri þjónustu tengdri sjó- og strandflutningum.

13. Farþegaflutningar með flugi

Almennar upplýsingar:

Til farþegaflutninga með flugi teljast fargjöld íslenskra farþega með erlendum flugfélögum (gjöld) og erlendra farþega með íslenskum flugfélögum (tekjur) hvað varðar ferðir milli landa. Þar telst einnig neysla farþeganna um borð í flugvélum (t.d. á mat og drykk) og greiðslur vegna yfirvigtar farangurs.

Tekjur:

Tekjur eru seld fargjöld til erlendra aðila með flugvélum (vegna ferða milli landa) sem rekin eru af íslenskum flugfélögum auk sölu til þeirra á annarri þjónustu tengdri farþegaflutningum með flugi.

Gjöld:

Gjöld eru keypt fargjöld íslenskra aðila með flugvélum sem rekin eru af erlendum flugfélögum auk kaupa á annarri þjónustu tengdri tengdri farþegaflutningum með flugi.

14. Leiga og útleiga á flugvélum með áhöfn til farþegaflutninga

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur tímabundin leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til farþegaflutninga og tímabundin leiga erlendra fyrirtækja af íslenskum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til farþegaflutninga. Undanskilin er hins vegar leiga á flugvélum til farþegaflutninga án áhafnar sem fellur undir liðinn rekstarleiga (liður 59).

Tekjur:

Tekjur eru útleiga íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á flugvélum með áhöfn til farþegaflutninga.

Gjöld:

Gjöld eru leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til farþegaflutninga.

15. Fragtflutningar með flugi

Almennar upplýsingar:

Viðskipti með vörur er mæld fob. við landamæri útflutningslands og gert ráð fyrir að innflutningsaðili greiði farmgjöld. Til fragtflutninga með flugi teljast því flutningar á vörum af íslenskum flugfélögum fyrir erlendan aðila (tekjur) og flutningur á vörum af erlendum flugfélögum fyrir íslenska aðila (gjöld) hvar svo sem flutningarnir fara fram.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á fragtflutningum með flugi.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra aðila af erlendum fyrirtækjum á fragtflutningum með flugi.

16. Leiga og útleiga á flugvélum með áhöfn til fragtflutninga

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur tímabundin leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til fragtflutninga og tímabundin leiga erlendra fyrirtækja af íslenskum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til fragtflutninga. Undanskilin er hins vegar leiga á flugvélum til fragtflutninga án áhafnar sem fellur undir liðinn rekstarleiga (liður 59).

Tekjur:

Tekjur eru útleiga íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á flugvélum með áhöfn til fragtflutninga.

Gjöld:

Gjöld eru leiga íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á flugvélum með áhöfn til fragtflutninga.

17. Önnur þjónusta tengd flugsamgöngum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla ýmsar aðrar þóknarir vegna flugsamgangna, s.s. vegna lestunar, vöruhýsingar, þrifa á flugvélum og flugumsjónar.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á annarri þjónustu tengdri flugsamgöngum.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á annarri þjónustu tengdri flugsamgöngum.

18. Póstþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til pósthjónustu teljast erlend viðskipti vegna pósthirðingar, flutnings og afhendingar á hvers kyns pósti og símskeytum, frímerkjasölu og leigu á pósthólfum. Undanskilin er öll fjármálaþjónusta sem kann að vera á hendi pósthjónustuaðila s.s. pósthjónusta. Flutningur á pósti með flugvélum er undanskilinn en hann telst til fragtflutninga flugsamgangna.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á pósthjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra aðila af erlendum fyrirtækjum á pósthjónustu.

19. Hraðboðaðþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til hraðboðaðþjónustu teljast erlend viðskipti vegna pósthjónustu sem leggur áherslu á hraða og flutning pósts beint frá sendanda til viðtakanda.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á hraðboðaðþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra aðila af erlendum fyrirtækjum á hraðboðaðþjónustu.

20. Geimsamgöngur

Almennar upplýsingar:

Í geimsamgöngum felast m.a. viðskipti vegna uppskota á gervihnöttum og flutninga á vörum og fólki út í geim vegna vísindatilrauna.

21. Farþegaflutningar með lestum

Almennar upplýsingar:

Til farþegaflutninga með lestum teljast fargjöld íslenskra farþega (gjöld) með erlendum lestarfélögum milli landa. Þar telst einnig neysla farþeganna um borð í lestum.

22. Fragtflutningar með lestum

Almennar upplýsingar:

Til fragtflutninga með lestum teljast flutningar á vörum með erlendum lestarfélögum fyrir íslenska aðila (gjöld) hvar svo sem flutningarnir fara fram.

23. Önnur þjónusta tengd lestarsamgöngum

Almennar upplýsingar:

Ýmis önnur gjöld vegna lestarsamgangna, s.s. lestun, vöruhýsing o.fl.

24. Farþegaflutningar á vegum

Almennar upplýsingar:

Til farþegaflutninga á vegum teljast fargjöld íslenskra farþega (gjöld) með erlendum flutningafyrirtækjum milli landa. Þar telst einnig neysla farþeganna um borð í flutningstækjunum. Fargjöld erlendra farþega með innlendum flutningafyrirtækjum eru undanskilin hér og falla undir ferðatengda þjónustu (liður 33).

25. Fragtflutningar á vegum

Almennar upplýsingar:

Til fragtflutninga á vegum teljast flutningar á vörum með íslenskum flutningafyrirtækjum fyrir erlenda aðila (tekjur) og flutningar á vörum með erlendum flutningaaðilum fyrir íslenska aðila (gjöld) hvar svo sem flutningarnir fara fram.

26. Önnur þjónusta tengd vegasamgöngum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla ýmsar aðrar þóknarir vegna vegasamgangna, s.s. vegna lestunar, vöruhýsingar o.fl.

27. Farþegaflutningar á vatni

Almennar upplýsingar:

Til farþegaflutninga á vatni teljast fargjöld íslenskra farþega með erlendum flutningafyrirtækjum. Þetta á við um flutningstæki sem sigla á ám, vötnum og skipaskurðum milli landa. Þar telst einnig neysla farþeganna um borð í flutningstækjunum.

28. Fragtflutningar á vatni

Almennar upplýsingar:

Til fragtflutninga á vatni (á ám, vötnum eða skipaskurðum) teljast flutningar á vörum með erlendum flutningafyrirtækjum fyrir íslenska aðila (gjöld) og flutningur á vörum með íslenskum flutningaaðilum fyrir erlenda aðila (tekjur) hvar svo sem flutningarnir fara fram.

29. Önnur þjónusta tengd vatnasamgöngum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla ýmsar aðrar þóknarir vegna vatnasamgangna, s.s. vegna lestunar, vöruhýsingar o.fl.

30. Flutningar eftir leiðslum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla viðskipti vegna flutninga með vörur eins og gas og olíu eftir leiðslum og þóknarir því tengdu.

31. Flutningar rafmagns

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla viðskipti vegna flutnings rafmagns eftir leiðslum og þóknarir því tengdu. Hér undir falla hins vegar ekki viðskipti vegna dreifingar á rafmagni eða framleiðslu þess.

32. Önnur þjónusta tengd samgöngum

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla kaup og sala á allri annarri þjónustu tengdum samgöngum sem ekki er hægt að flokka undir aðra flokka hér að ofan.

F. Ferðalög

33. Ferðatengd þjónusta

Almennar upplýsingar:

Ferðatengd þjónusta felur í sér beinar greiðslur vegna gistingar, leigu á bílum og annari þjónustu í tengslum við ferðalög. Hér eru undanskildar greiðslur til starfsmanna vegna útgjalda í viðskiptaferðum og **viðskipti greidd með kreditkorti**.

Tekjur:

Tekjur eru beinar greiðslur til íslenskra fyrirtækja frá erlendum aðilum vegna ferðatengdrar þjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru beinar greiðslur frá íslenskum aðilum til erlendra aðila vegna ferðatengdrar þjónustu.

G. Fjarskipta-, tölvu og upplýsingaþjónusta

34. Fjarskiptaþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til fjarskiptaþjónustu teljast viðskipti við erlenda aðila vegna sendinga á hljóði, myndum og öðrum upplýsingum um síma, símskeyti, útvarps- og sjónvarpskapla. Hér undir fellur einnig útsendingarþjónusta, gervihnattaþjónusta, tölvupóstur, net- og farsímaþjónusta. Undanskilin er uppsetning á símneti (fer í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð) og gagnabankaþjónusta (fer í önnur upplýsingaþjónusta).

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á fjarskiptaþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra aðila af erlendum fyrirtækjum á fjarskiptaþjónustu.

35. Tölvuhugbúnaður

Almennar upplýsingar:

Til tölvuhugbúnaðar telst:

- Sala á sérsniðnum tölvuhugbúnaði og tengdum leyfum fyrir notkun á hugbúnaðinum.
- Þróun, framleiðsla og skjölun á sérsniðnum hugbúnaði.
- Staðlaður hugbúnaður sem er hlaðið niður af netinu eða fengin með öðrum rafrænum leiðum, hvort sem greitt er fyrir hann með reglubundnum leyfisgjöldum eða með einni greiðslu.
- Leyfi vegna notkunar á stöðluðum hugbúnaði sem afhentur er á geisladisk (eða öðru slíku) með reglubundnum leyfisgjöldum.
- Kaup og sala á frumriti og eignarrétti tölvuhugbúnaðar og forrita.
- Hér undir falla hins vegar ekki leyfi til að endurskapa og/eða dreifa tölvuhugbúnaði (sjá lið 47).

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á tölvuhugbúnaði.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á tölvuhugbúnaði.

74. Önnur tölvuþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til annarrar tölvuþjónustu telst:

- Ráðgjöf vegna vélbúnaðar, hugbúnaðar og innleiðing búnaðarins.
- Uppsetning vélbúnaðar og hugbúnaðar.
- Viðgerðir og viðhald á tölvum og öðrum jaðarbúnaði.
- Þjörgun gagna, ráðgjöf og aðstoð vegna stjórnunar tölvukerfa.
- Greining, hönnun og forritun kerfa tilbúin til notkunar (svo sem þróun og uppsetning vefsíða) og tæknileg ráðgjöf vegna hugbúnaðar.
- Viðhald tölvukerfa og önnur stoðþjónusta, svo sem þjálfun sem er veitt sem hluti af ráðgjöf.

- Gagnavinnsla og hýsing (t.d. hýsing vefsíða).

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á annarri tölvuþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á annarri tölvuþjónustu.

36. Fréttþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til fréttþjónustu teljast greiðslur fyrir myndir, fréttir og greinar sem notaðar eru af fjölmiðlum.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra fyrirtækja á fréttþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á fréttþjónustu.

37. Önnur upplýsingaþjónusta

Almennar upplýsingar:

Til annarrar upplýsingaþjónustu telst gagnagrunnsþjónusta s.s. gagnageymsla og dreifing gagna og gagnagrunna. Hér undir falla líka áskriftir blaða og tímarita.

Tekjur:

Tekjur eru sala íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila á annarri upplýsingaþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja af erlendum fyrirtækjum á annarri upplýsingaþjónustu.

H. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

38. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð unnin af íslensku fyrirtæki fyrir erlenda aðila á erlendri grund. Hér skal tilgreina verkefni, hvort sem þau eru nýbyggingar, meiriháttar eða minniháttar viðgerðir og viðhald á íbúðarhúsnæði, öðrum byggingum, mannvirkjagerð og vélum (uppsetning og viðbætur). Ef útibú er stofnað erlendis vegna verkefnis sem fellur undir byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skal ekki telja það með þjónustuviðskiptum við útlönd þar sem útibúið er þá talið erlent fyrirtæki. Þjónustuviðskipti milli móðurfyrirtækisins á Íslandi og útibúsins erlendis skal hins vegar telja með og flokka undir viðeigandi liði þjónustuviðskipta.

Tekjur:

Tekjur eru heildartekjur af verktakaþjónustu vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar framkvæmdri af íslenskum fyrirtækjum erlendis fyrir erlenda aðila.

39. Aðföng (vörur og þjónusta) keypt erlendis vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar erlendis

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla kaup íslenskra verktaka sem standa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis á aðföngum til verksins. Þar er átt við allar vörur og þjónustu sem tengjast verkinu, hvort sem aðföngin eru keypt í því landi þar sem framkvæmdin fer fram, þau flutt inn frá Íslandi eða frá þriðja landi.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra verktaka sem standa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis á aðföngum til verksins.

40. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð unnin á íslenskri grund. Hér skal tilgreina verkefni hvort sem þau eru nýbyggingar, meiriháttar eða minniháttar viðgerðir og viðhald á íbúðarhúsnæði, öðrum byggingum, mannvirkjagerð og vélum (uppsetning og viðbætur).

Tekjur:

Tekjur eru sala á verktakaþjónustu vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar til erlendra verktaka sem eru við framkvæmdir á Íslandi.

Gjöld:

Gjöld eru kaup íslenskra fyrirtækja á verktakaþjónustu vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar framkvæmdri af erlendum fyrirtækjum á Íslandi.

I. Tryggingaþjónusta

41. Líftryggingar – iðgjöld

Tekjur:

Tekjur eru iðgjöld greidd af erlendum aðilum til íslenskra tryggingafyrirtækja vegna líftrygginga.

Gjöld:

Gjöld eru iðgjöld greidd af íslenskum aðilum til erlendra tryggingafyrirtækja vegna líftrygginga.

411. Líftryggingar – kröfur

Tekjur:

Tekjur eru greiddar kröfur af erlendum tryggingafyrirtækjum til íslenskra aðila vegna líftrygginga.

Gjöld:

Gjöld eru greiddar kröfur af íslenskum tryggingafyrirtækjum til erlendra aðila vegna líftrygginga.

42. Farmtryggingar – iðgjöld

Tekjur:

Tekjur eru iðgjöld greidd af erlendum aðilum til íslenskra tryggingafyrirtækja vegna farmtrygginga.

Gjöld:

Gjöld eru iðgjöld greidd af íslenskum aðilum til erlendra tryggingafyrirtækja vegna farmtrygginga.

421. Farmtryggingar – kröfur

Tekjur:

Tekjur eru greiddar kröfur af erlendum tryggingafyrirtækjum til íslenskra aðila vegna farmtrygginga.

Gjöld:

Gjöld eru greiddar kröfur af íslenskum tryggingafyrirtækjum til erlendra aðila vegna farmtrygginga.

43. Aðrar beinar tryggingar – iðgjöld

Tekjur:

Tekjur eru iðgjöld greidd af erlendum aðilum til íslenskra tryggingafyrirtækja vegna annarra beinna trygginga.

Gjöld:

Gjöld eru iðgjöld greidd af íslenskum aðilum til erlendra tryggingafyrirtækja vegna annarra beinna trygginga.

431. Aðrar beinar tryggingar – kröfur

Tekjur:

Tekjur eru greiddar kröfur af erlendum tryggingafyrirtækjum til íslenskra aðila vegna annarra beinna trygginga.

Gjöld:

Gjöld eru greiddar kröfur af íslenskum tryggingafyrirtækjum til erlendra aðila vegna annarra beinna trygginga.

44. Endurtryggingar

Tekjur:

Tekjur eru iðgjöld greidd af erlendum tryggingafyrirtækjum til íslenskra tryggingafyrirtækja vegna endurtrygginga eða greiddar kröfur af erlendum tryggingafyrirtækjum til íslenskra tryggingafyrirtækja vegna endurtrygginga.

Gjöld:

Gjöld eru iðgjöld greidd af íslenskum tryggingafyrirtækjum til erlendra tryggingafyrirtækja vegna endurtrygginga eða greiddar kröfur af íslenskum tryggingafyrirtækjum til erlendra tryggingafyrirtækja vegna endurtrygginga.

45. Þjónusta tengd tryggingum

Tekjur:

Tekjur eru umboðslaun og önnur gjöld fengin frá erlendum aðilum vegna sölu á tryggingaþjónustu og þjónustu lífeyrissjóða.

Gjöld:

Gjöld eru umboðslaun og önnur gjöld greidd til erlendra aðila vegna kaupa á tryggingaþjónustu og þjónustu lífeyrissjóða.

73. Þjónusta tengd lífeyrissjóðum

Tekjur:

Tekjur eru lífeyrisgreiðslur frá erlendu tryggingafyrirtæki til íslenskra aðila eða framlög í lífeyrissjóði greidd af erlendum aðilum til íslenskra fyrirtækja.

Gjöld:

Gjöld eru framlög í lífeyrissjóði greidd af íslenskum aðilum til erlendra tryggingafyrirtækja eða lífeyrisgreiðslur íslenskra fyrirtækja til erlendra aðila.

J. Fjármálaþjónusta

46. Beinar greiðslur og önnur fjármálaþjónusta

Almennar upplýsingar:

Fjármálaþjónusta felur í sér fjárhagslega milligöngu og tengda þjónustu milli innlendra og erlendra aðila. Hér undir falla m.a. þóknanir fyrir millifærslur, ráðgjöf, eignastýringu, þóknanir fyrir þjónustu tengda samrunum og yfirtökum, gjöld vegna kreditkorta o.fl. Hér undir fellur einnig mismunur á miðgengi og kaup- og sölugengi gjaldmiðla. Vextir og arðgreiðslur falla hins vegar ekki hér undir.

Tekjur:

Tekjur eru þóknanir, gjöld og gengismismunur til íslenskra fyrirtækja frá erlendum aðila vegna fjármálaþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru þóknanir, gjöld og gengismunur til erlendra fyrirtækja frá íslenskum aðilum vegna fjármálaþjónustu.

K. Gjöld fyrir notkun hugverka

47. Leyfi til að endurskapa og/eða dreifa tölvuhugbúnaði

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla viðurkennd leyfi til að endurskapa og/eða dreifa (með leyfissamningum) tölvuhugbúnaði. Leyfi til að nota tölvuhugbúnað og kaup og sala á eignarrétti tölvuhugbúnaðar falla ekki hér undir heldur undir lið 35 .

Tekjur:

Tekjur eru þóknanir frá erlendum aðilum vegna leyfa til að endurskapa og/eða dreifa tölvuhugbúnaði.

Gjöld:

Gjöld eru þóknanir til erlendra aðila vegna leyfa til að endurskapa og/eða dreifa tölvuhugbúnaði.

48. Leyfi til að endurskapa og/eða dreifa mynd- og hljóðefni og öðru afþreyingarefni

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla viðurkennd leyfi til að endurskapa og/eða dreifa (með leyfissamningum) mynd- og hljóðefni (svo sem kvikmyndum og tónlist) og öðru afþreyingarefni (svo sem verkum rithöfunda, myndlistarmanna, myndhöggvara o.s.frv.).

Tekjur:

Tekjur eru þóknarir frá erlendum aðilum vegna leyfa til að endurskapa og/eða dreifa mynd- og hljóðefni og öðru afþreyingarefni.

Gjöld:

Gjöld eru þóknarir til erlendra aðila vegna leyfa til að endurskapa og/eða dreifa mynd- og hljóðefni og öðru afþreyingarefni.

49. Leyfisgjöld vegna einkaleyfa

Almennar upplýsingar:

Leyfisgjöld vegna einkaleyfa fela í sér þóknarir til eða frá erlendum aðilum vegna einkaleyfa.

Tekjur:

Tekjur eru leyfisgjöld frá erlendum aðilum vegna einkaleyfa.

Gjöld:

Gjöld eru leyfisgjöld til erlendra aðila vegna einkaleyfa.

50. Önnur gjöld vegna viðskiptasérleyfa og annarra eignaréttinda

Almennar upplýsingar:

Önnur gjöld vegna viðskiptasérleyfa og annarra eignaréttinda fela í sér þóknarir til eða frá erlendum aðilum vegna viðskiptasérleyfa og vegna notkunar á skrásettum vörumerkjum.

Tekjur:

Tekjur eru leyfisgjöld frá erlendum aðilum vegna viðskiptasérleyfa og annarra eignaréttinda.

Gjöld:

Gjöld eru leyfisgjöld til erlendra aðila vegna viðskiptasérleyfa, og annarra eignaréttinda.

72. Leyfi til að nota niðurstöður rannsóknar- og þróunarvinnu

Almennar upplýsingar:

Hér undir falla þóknarir vegna leyfa til að nota niðurstöður rannsóknar- og þróunarvinnu, svo sem vegna einkaleyfa, höfundarréttar og hönnunar.

Tekjur:

Tekjur eru þóknarir frá erlendum aðilum vegna leyfa til að nota niðurstöður rannsóknar- og þróunarvinnu.

Gjöld:

Gjöld eru þóknarir til erlendra aðila vegna leyfa til að nota niðurstöður rannsóknar- og þróunarvinnu.

L. Önnur viðskiptaþjónusta

66. Sérsniðin eða stöðluð rannsóknar- og þróunarþjónusta

Almennar upplýsingar:

Sérsniðin eða stöðluð rannsóknar- og þróunarþjónusta felur í sér þjónustu tengda rannsóknum, hagnýtar rannsóknir og þróun á nýjum vörum og ferlum innan raungreina, félagsvísinda og hugvísinda. Einnig falla hér undir viðskiptarannsóknir sem tengjast rafeindatækni, lyfjum og líftækni. Undanskilin er sala á eignaréttindum sem leiða af rannsóknum og þróun sem fellur undir lið 67. Einnig er undanskilin tækniþjónusta og ráðgjafarþjónusta sem tilheyrir arkitekta-, verkfræði- og annarri vísinda- og tækniþjónustu (liðir 69-70).

Tekjur:

Tekjur eru þóknar frá erlendum aðilum vegna sérsniðinnar eða staðlaðrar rannsóknar- og þróunarþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru þóknar til erlendra aðila vegna sérsniðinnar eða staðlaðrar rannsóknar- og þróunarþjónustu.

67. Kaup/sala á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur kaup og sala á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun, svo sem einkaleyfi, höfundarréttur sem verður til vegna rannsóknar- og þróunarvinnu og hönnun.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun.

68. Önnur rannsóknar- og þróunarþjónusta ó.t.a.

Almennar upplýsingar:

Hér undir fellur önnur þróunarþjónusta sem ekki er hægt að flokka undir liðina hér á undan, svo sem prófanir og önnur þróunarverkefni tengd vörum og ferlum.

Tekjur:

Tekjur eru þóknar frá erlendum aðilum vegna annarar rannsóknar- og þróunarþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru þóknar til erlendra aðila vegna annarar rannsóknar- og þróunarþjónustu.

52. Lögfræðiþjónusta

Almennar upplýsingar:

Lögfræðiþjónusta felur í sér hverskonar lögfræðilega ráðgjöf og samningu álitssgerða ásamt vinnu við málsmeðferðir fyrir dómsstólum.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á lögfræðiþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á lögfræðiþjónustu.

53. Endurskoðunar-, bókhalds- og skattaráðgjafarþjónusta

Almennar upplýsingar:

Endurskoðunar-, bókhalds- og skattaráðgjafarþjónusta samanstendur af þóknunum vegna hvers konar vinnu við skráningu og yfirferð bókhalds, uppgjors- og reikningsyfirlita, ásamt skattaráðgjöf.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á endurskoðunar-, bókhalds-, og skattaráðgjafarþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á endurskoðunar-, bókhalds-, og skattaráðgjafarþjónustu .

54. Viðskipta- og stjórnunarráðgjöf og almannatengsl

Almennar upplýsingar:

Viðskipta- og stjórnunarráðgjöf og almannatengsl fela í sér ráðgjöf, leiðbeiningar og rekstaraðstoð til fyrirtækja vegna áætlanagerðar, uppbyggingar og stjórnunar fyrirtækja, s.s. markaðsstjórnun, stefnumótun, framleiðslustjórnun, starfsmannamál og ráðgjöf varðandi ímynd viðskiptavinarins út á við.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á viðskipta- og stjórnunarráðgjöf og almannatengslaþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á viðskipta- og stjórnunarráðgjöf og almannatengslaþjónustu.

55. Auglýsingar, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir

Almennar upplýsingar:

Auglýsingar, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir fela í sér hönnun og gerð auglýsinga og hvers konar þjónustu tengda þeim s.s. vegna birtinga, sýninga, markaðssetningar, markaðsrannsókna, skoðanakannana og þjónustu vegna sölusýninga.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á auglýsingum, markaðsrannsóknum og skoðanakönnunum.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á auglýsingum, markaðsrannsóknum og skoðanakönnunum.

69. Arkitektþjónusta

Almennar upplýsingar:

Arkitektþjónusta felur í sér viðskipti vegna hönnunar á mannvirkjum o.s.frv.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á arkitektþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á arkitektþjónustu.

70. Verkfræðiþjónusta

Almennar upplýsingar:

Verkfræðiþjónusta felur í sér viðskipti vegna hönnunar, þróunar og nýtingu véla, efnis, tækja, mannvirkja, ferla og kerfa. Þjónusta af þessu tagi felur í sér hönnun, áætlanir og rannsóknir sem tengjast verkfræði.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á verkfræðiþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á verkfræðiþjónustu.

71. Vísinda- og önnur tækniþjónusta

Almennar upplýsingar:

Vísinda- og önnur tækniþjónusta felur í sér viðskipti vegna kortagerðar, vottunar og vöruprófunar og tæknilegs eftirlits.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á vísinda- og annarri tækniþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á vísinda- og annarri tækniþjónustu.

57. Eyðing spilliefna og afmengun

Almennar upplýsingar:

Eyðing spilliefna og afmengun felur í sér viðskipti milli erlendra og innlendra aðila vegna meðhöndlunar á úrgangi, geislavirkum sem öðrum, og hreinsun umhverfis vegna mengunar.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á þjónustu í tengslum við eyðingu spilliefna og afmengun.

Gjöld:

Gjöld eru kaup frá erlendum aðilum á þjónustu í tengslum við eyðingu spilliefna og afmengun.

58. Þjónusta tengd landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi, námuvinnslu og olíu- og gasvinnslu

Almennar upplýsingar:

Þjónusta tengd landbúnaði felur m.a. í sér leigu á hvers kyns tækjum til landbúnaðar ásamt mannskap, þjónustu við uppskeru, varnir gegn meindýrum, flutning á dýrum og dýravernd. Þjónusta vegna veiða, skógræktar, skógarhöggs og sjávarútvegs falla einnig hér undir. Þjónusta tengd námuvinnslu og olíu- og gasvinnslu felur m.a. í sér uppbyggingu á olíuborþöllum og viðhald á þeim, jarðefnaleyting og jarðfræðimælingar.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á þjónustu tengdri landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi, námuvinnslu og olíu- og gasvinnslu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup frá erlendum aðilum á þjónustu tengdri landbúnaði, skógrækt, sjávarútvegi, námuvinnslu og olíu- og gasvinnslu.

59. Rekstrarleiga

Almennar upplýsingar:

Undir rekstrarleigu tilheyrir leiga á flutningstækjum (t.d. á skipum og flugvélum) án áhafnar auk leigu á öðrum vörum. Leiga á flutningstækjum með áhöfn fellur undir viðeigandi þjónustuflokkum undir samgöngum og flutningum. Leiga á bílum í tengslum við ferðalög fellur undir ferðatengda þjónustu.

Tekjur:

Tekjur eru útleiga (rekstrarleiga) til erlendra aðila.

Gjöld:

Gjöld eru leiga (rekstrarleiga) af erlendum aðilum.

60. Önnur viðskiptaþjónusta ó.t.a.

Almennar upplýsingar:

Undir aðra viðskiptaþjónustu falla viðskipti vegna ráðningaþjónustu, öryggisþjónustu, þýðinga- og túlkanaþjónustu, ljósmyndanaþjónustu, fasteignaviðskipta fyrirtækja og önnur viðskiptaþjónusta sem ekki tilheyrir öðrum flokkum.

Tekjur:

Tekjur eru sala á til erlendra aðila annarri viðskiptaþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á annarri viðskiptaþjónustu.

M. Menningar- og afþreyingarþjónusta

61. Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni

Almennar upplýsingar:

Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni felur í sér þjónustu og tengdar þóknarir vegna framleiðslu kvikmynda, útvarps- og sjónvarpsþátta og tónlistarupptaka. Þjónusta í tengslum við leikhús, tónleika og íþróttaviðburði fellur einnig hér undir. Þar að auki falla þóknarir til framleiðenda, leikara, skemmtikrafta, leikstjóra, sviðsstjóra, höfunda, tónskálda o.s.frv. vegna uppfærslna einnig hér undir, sem og leyfi til nota mynd- og hljóðefni og þóknarir vegna áskriftarsjónvarps. Leyfi til að dreifa eða endurskapa mynd og hljóðefni fellur hins vegar undir lið 48.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á þjónustu tengdri mynd og hljóðefni.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á þjónustu tengdri mynd og hljóðefni.

62. Kennsluþjónusta

Almennar upplýsingar:

Kennsluþjónusta felur í sér ýmsa þjónustu sem tengist menntun sem veitt er á milli íslenskra og erlendra aðila, s.s. fjarnám, kennslu gegnum sjónvarp eða vefinn, sem og þjónustu sem veitt er af gestakennurum. Hér eru undanskilin öll útgjöld vegna menntunar erlendra nemenda á Íslandi og íslenskra nemenda erlendis.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á kennsluþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á kennsluþjónustu.

63. Heilbrigðisþjónusta

Almennar upplýsingar:

Heilbrigðisþjónusta felur í sér þjónustu sem veitt er af spítölum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki ásamt þjónustu rannsóknarstofa, hvort sem þjónustan er veitt á staðnum eða ekki. Hér eru undanskilin öll útgjöld ferðamanna (sjúklinga) vegna heilbrigðisþjónustu.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á heilbrigðisþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á heilbrigðisþjónustu.

64. Arfleiðar-, menningar- og afþreyingarþjónusta

Almennar upplýsingar:

Önnur arfleiðar- menningar- og afþreyingarþjónusta felur í sér þjónustu í tengslum við söfn og aðra menningar-, íþróttar-, fjárhættuspila- eða afþreyingarstarfsemi. Undanskilin er kostnaður ferðamanna.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á arfleiðar- menningar- og afþreyingarþjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup af erlendum aðilum á arfleiðar- menningar- og afþreyingarþjónustu.

65. Önnur persónuleg þjónusta

Almennar upplýsingar:

Undir aðra persónulega þjónustu fellur ýmis félagsleg þjónusta, aðildargjöld o.s.frv.

Tekjur:

Tekjur eru sala til erlendra aðila á annarri persónulegri þjónustu.

Gjöld:

Gjöld eru kaup frá erlendum aðilum á annarri persónulegri þjónustu.